

Hjúkrun aldraðra HJÚK3ÖH05 Námsáætlun vorönn, 2023



Kennari	María Albína Tryggvadóttir maria.a.tryggvadottir@vma.is	Sk.st.	MAL
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um stöðu aldraðra í samfélaginu og þá félagsþjónustu sem öldruðum stendur til boða. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og þau réttindi sem öldruðum eru tryggð samkvæmt lögum. Hugmyndafræði og helstu kenningar í öldrunarhjúkrun eru skoðaðar. Farið er yfir helstu andlegar, félagslegar og líkamlegar breytingar sem fylgja hækkandi aldri. Fjallað er um helstu sjúkdóma og heilsufarsvandamál sem hrjá aldraða og viðeigandi hjúkrun. Kynntar eru aðferðir til þess að meta áhrif sjúkdóma og heilsuþrengingar á virkni og vellíðan aldraðra. Fjallað er um mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum með áherslu á forvarnir og heilsueflingu til að auka lífsgæði og vellíðan aldraðra. Sorg og sorgarviðbrögð eru tekin til umfjöllunar. Lögð er áhersla á sérstakar hjúkrunarþarfir einstaklinga við lífslok og líknarmeðferð. Mikil áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu, yfirsýn og heildræna nálgun við hjúkrun aldraðra hvort sem er á stofnunum eða á heimilum ásamt faglegum vinnubrögðum og viðurkenndri skráningu hjúkrunar.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- líkamlegum, andlegum og félagslegum breytingum sem fylgja hækkandi aldri
- áhrifum algengra öldrunarsjúkdóma á virkni og lífsgæði aldraðra
- aðferðum og mælitækjum sem notuð eru til að meta vitsmunalega færni, sjálfsþjargargetu og aðstæður aldraðra
- forvarnargildi og mikilvægi heilbrigðis lífsstíls á efri árum
- þeirri þjónustu og stuðningi sem öldruðum stendur til boða í samfélaginu
- kenningum sem fjalla um aðlögun að heilsuþrengingum, sorg og missi
- lífsloka- og líknarmeðferð
- þverfaglegri teymisvinnu í málefnum aldraðra
- viðurkenndri hjúkrunarskráningu

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota viðurkenndar aðferðir og kvarða til þess að meta sjálfsþjargargetu aldraðra
- hjúkrunaröndun á heildrænan hátt með tilliti til félagslegs, andlegs og líkamlegs ástands
- hjúkrunaröndun á líknandi meðferð og við lífslok
- greina mun á eðlilegum öldrunarbreytingum og sjúkdómsástandi hjá öldruðum
- greina áhrif öldrunarbreytinga á virkni og lífsgæði aldraðra
- nota viðurkennda hjúkrunarskráningu

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í þverfaglegri teymisvinnu um málefni aldraðra
- miðla á faglegan hátt upplýsingum um hjúkrun aldraðra
- fræða aldraða um heilbrigðan lífsstíl og þá þjónustu sem þeim stendur til boða í samfélaginu
- nýta kenningar um aðlögun að sorg og missi í hjúkrunarstörfum

Námsgögn:

Hjúkrun 3. þrep. Hjúkrun aldraðra. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2017 af IDNÚ. Efni frá kennara á kennsluvef.

Nr.: GAT-045

Útgáfa: 11

Dags.:27.11.2019

Höfundur: Áfangastjórar

Samþykkt: Skólameistari

Síða 2 af 2

Hjúkrun aldraðra HJÚK3ÖH05 Námsáætlun vorönn, 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1	Öldrun (kafli 1). Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi (kafli 2). Matstæki í öldrunarhjúkrun (kafli 3)	Leska kafla 1 til 3 í kennslubók.	Tímaverkefni 5%. Verkefni á moodle 5%
Lota 2	Hjúkrun aldraðra; með sykursýki (kafli 4), vandamát tengd sjón og heyrn (kafli 5), aldraðra í byltuhættu (kafli 6), með óráð eða heilabilun (kafli 7).	Leska kafla 4 til 7 í kennslubók.	Tímaverkefni 5%. Verkefni á moodle 5%
Lota 3	Áföll og sorg (kafli 8). Líknarhjúkrun og líknameðferð (kafli 9).	Leska kafla 8 og 9 í kennslubók Viðbótarefni	Tímaverkefni 5%. Verkefni á moodle 5% Annarpróf 1 - 20%
Lota 4	Endurhæfing við athafnir daglegs lífs (kafli 10). Virkni (kafli 11). Virkni og lífsgæði (kafli 12). Dagleg viðfangsefni og áætlanagerð (kafli 13). Hreyfing alla ævi (kafli 14). Næringarþarfir aldraðra (kafli 15). Tengsl og samskipti (kafli 16).	Leska kafla 10 til 16 í kennslubók.	Tímaverkefni 5%. Verkefni á moodle 5% Fræðsla fyrir aldraða 10%
Lota 5	Félags og tómstundastarf í nærumhverfi (kafli 17). Verklegt og persónuleg aðstoð (kafli 18). Fagaðili og fulltrúi yfirvalda (kafli 19). Lögræði og sjálfsákvörðunarréttur (kafli 20). Nauðung og valdbeiting (kafli 21). Velferðartækni (kafli 22).	Leska kafla 17 til 22 í kennslubók.	Tímaverkefni 5%. Verkefni á moodle 5% Annarpróf 2 - 20%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Verkefni	Fimm verkefni á moodle með gögnum.	25%	
Tímapróf	Tvö próf á önn í tíma, 20% hvort.	40%	
Tímaverkefni	Nemandur vinna fimm tímaverkefni úr efni bókarinnar	25%	
Fræðsluefni	Nemendur útbúa fræðsluefni sem ætlað e öldruðum	10%	
	Samtals:	100%	

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma, verkefni lækkar um hálfan fyrir hvern virkan dag sem fer fram yfir skiladag. Ekki er tekið við verkefnum viku eftir skiladag. Nemendur þurfa að ná 4 í báðum tímaprófum til að ná áfanganum. Nemandi fær tækifæri til að taka tímapróf aftur á næsta námsmatsdegi ef hann fær undir 4 (nemendur sem fengu einkunn undir 4.0 í fyrri tilraun geta ekki fengið hærrí einkunn en 4.5 -í INNU). Mæti nemandi ekki á settan prófdag þá hefur hann fyrirgert sér þeim rétti að taka prófið aftur.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Dagsetning: 4/1 '23

Mania T.
Undirritun kennara

Gunnþórunn Elíasdóttir
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils